

Ályktun um utanríkismál

Sjálfstæðisflokkurinn telur það vera grundvöll utanríkisstefnu Íslands að treysta stöðu þjóðarinnar, stuðla að frjálsræði í viðskiptum, öflugri alþjóðasamvinnu og nauðsynlegum vörnum gegn utanaðkomandi ógnum. Mikilvægt er að gagnkvæmur velvilji og traust ríki í samskiptum Íslands við önnur ríki og í víðtæku samstarfi með öðrum þjóðum sé unnið að því að stuðla að friði, frelsi, lýðræði og mannréttindum í heiminum.

Fengin reynsla sýnir glögg að Íslendingum farnast best þegar landið er opið fyrir verslun og viðskiptum við umheiminn. Öflug utanríkisverslun er forsenda hagsældar á Íslandi og telur Sjálfstæðisflokkurinn því mikilvægt að haldið verði áfram á braut aukins viðskiptafrelsis. Miklu máli skiptir að utanríkisstefna styðji við atvinnusköpun þjóðarinnar til framtíðar og veiti nauðsynlegt svigrúm til nýsköpunar sem byggist á hugviti og þekkingu fólksins í landinu. Sjálfstæðisflokkurinn telur að þannig megi halda opnum atvinnutækifærum ungs fólks sem menntar sig til starfa sem enn eru ekki til.

Vinna þarf markvisst að því að fjölga fríverslunarsamningum við önnur lönd. Æskilegast er í því sambandi að Ísland beiti sér innan EFTA fyrir því að ráðist verði í gerð frekari samninga svo auðvelda megi til muna hagkvæm viðskipti við sem flest ríki heims. Leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á að leitast verði við að ná fríverslunarsamningum við m.a. Bandaríki Norður-Ameríku, Kína, Indland og Japan, annað hvort á vettvangi EFTA eða á eigin vegum. Taka ber íslenska tollalöggjöf til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum að afnema viðskiptahindranir. Vinna skal áfram að fjölgun tvísköttunarsamninga, að fyrirmynd OECD, við önnur ríki til að auka gegnsæi og áreiðanleika í skattlagningu á alþjóðavettvangi.

Leitast verði við að semja um sérlausnir í Schengen samstarfinu sem tryggi sérstöðu Íslands sem eyríkis, m.a. með undanþágum eða slökunum á niðurfellingu vegabréfaeftirlits innan svæðisins. Slíkar sérlausnir verði til að auðveld eftirlit, t.a.m. við að framfylgja dómum eins og endurkomubanni.

Utanríkisþjónustan hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja hagsmuni íslensku þjóðarinnar og koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að rækta gott samband Íslands við aðrar þjóðir, m.a. á vettvangi SP, og nýta hvert tækifæri til þess að efla hag þjóðarinnar og tala hennar máli á alþjóðavettvangi. Norrænt samstarf og samstarf vestnorrænu þjóðanna byggist á traustum grunni, virðingu og frændsemi. Sameiginleg sendiráð Norðurlandanna geta sparað útgjöld og aukið áhrif Íslands á alþjóðavettvangi. Gera þarf ýtrustu kröfur um skilvirkni, bókhald og eftirlit með öllum þáttum þróunarsamvinnu.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að hagsmunum Íslands sé betur borgið með því að standa fyrir utan Evrópu sam bandið (ESB) og styður því ekki aðildarviðræður ríkisstjórnarinnar. Samstarfinu við ESB er best viðhaldið og það eft á grundvelli EES-samningsins. Sjálfstæðisflokkurinn varaði við því að hafnar yrðu aðildarviðræður við ESB án þess að ákvörðun um að óska eftir aðild væri tekin á grundvelli breiðrar samstöðu í samfélaginu og án þess að skýr samningsmarkmið lægju fyrir. Ekkert tillit var tekið til þeirra aðvarana og eru aðildarviðræðurnar nú í ógöngum á ábyrgð klofinnar ríkisstjórnar til málsins. Landsfundur ályktar að gera skuli hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið og þær ekki hafnar að nýju nema það verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Áríðandi er að Ísland efi öryggis- og hagsmunagæslu sína á norðurslóðum og taki mun virkari þátt í samstarfi

Ályktun um utanríkismál

Þjóða um þau nýju tækifæri og áskoranir sem felast í bætту aðgengi að norðurslóðum. Nýting náttúruauðlinda, opnun siglingaleiða og úthafsveiðar á áður ísilögðum hafsvæðum opna margvíslega möguleika fyrir íslenskt efnahagslíf. Aukin skipaumerð, bæði með farþega og ýmsan vandmeðfarin varning, s.s. olíu og gas, kallar á frekara samstarf þjóða um leitar- og björgunarstörf og viðbrögð við umhverfisslysum. Standa ber sem fyrr dyggan vörð um efnahagslögsöguna, landsgrunnsréttindi og fiskveiðiréttindi þjóðarinnar og tryggja henni sanngjarnan hlut í deilistofnum.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að varnir landsins verði áfram best tryggðar með aðild Íslands að Atlantshafs bandalaginu (NATO) annars vegar og með varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna hins vegar. Grunnstefna NATO byggist á að vera varnarbandalag og því leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á að breytingar á starfsemi bandalagsins til að takast á við nýjar ógnir taki ávallt mið af því. Þá telur Sjálfstæðisflokkurinn að treysta beri varnarsamstarfið við Bandaríkin svo tryggt sé að varnir landsins séu ávallt í samræmi við þarfir hverju sinni.

Endurskoða þarf stjórnsýslu varnar- og öryggismála hér á landi, þannig að skipulag og hlutverk stjórnkerfis á því sviði sé skilmerkilega afmarkað með lögum og sé betur aðgreint frá almennum verkefnum og valdheimildum lögreglu og landhelgisgæslu.

Sýna ber fulla árvekni til að sporna gegn alþjóðlegum hættum, s.s. hvers kyns hryðjuverkastarfsemi, ofbeldi öfgahópa, mansali, eiturlyfjasmygli og peningaþvætti, í nánú samstarfi við aðrar þjóðir, m.a. með eflingu samvinnu á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunnar Evrópu (ÖSE), sameiginlegs ráðs NATO og Rússlands, og svo Evrópuráðsins. Mikilvægt er að í slíkum aðgerðum sé ávallt gætt meðalhófs, mannréttindi höfð í hávegum og löggjöf ekki misbeitt. Sjálfstæðisflokkurinn telur að Íslendingar eigi að kanna grundvöll til að sækja rétt sinn gagnvart Bretum vegna beitingar hryðjuverkalaganna haustið 2008. Þjóðir heims njóta fulls réttar til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til verndar landi sínu og hagsmunum en vígbúnaði ber hvarvetna að halda í nauðsynlegu lágmarki. Vinna skal áfram gegn útbreiðslu geryðingarvopna og styðja gerð alþjóðasamninga um vopnatakmarkanir. Sporna ber við ólöglegri vopnasölu sem víða um heim er undirrót friðrofa og illvígra þjóðfélagsmeina.